

Æskulýðsstarf Hestamannafélagsins Þyts



Starfsskýrsla 2009-2010

Æskulýðsnefnd

Í æskulýðsnefnd Þyts árið 2009-2010 voru

Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir formaður.
Sigrún Eva Þórisdóttir,
Irina Kamp,
Vigdís Lillý Sigurjónsdóttir,
Þórarinn Óli Rafnsson.

Uppskeruhátíð

Þann 6. Nóvember 2009 var haldin uppskeruhátíð barna og unglinga. Að þessu sinni var þetta haldið á Café Síróp og fengum við okkur pizzur, að venju var vel mætt af unglingum, börnum og foreldrum eða um 90 manns. Það er alltaf gott að sjá hvað foreldrarnir og aðstandendur þeirra styðja vel við bakið á þeim.

Veittum við öllum börnunum og unglingunum smá gjöf fyrir samstarfið á árinu sem var hreint frábært í alla staði. Knapar ársins í barna og unglingaflokk fengu viðurkenningar. Formaður stiklaði á stóru um hve mikilvægt það var að reiðhöllin er komin í fulla notkun og hve það auðveldar allt starf að hafa hana. Við í æskulýðsnefnd Þyts erum mjög ánægð með árið hjá okkur og hlökkum til næsta árs. Þetta starf gerir svo margt fyrir mann og ekkert er eins gaman eins og að gleðja börnin sérstaklega þegar þau eru eins móttækileg og okkar börn og foreldrar hafa verið.



Þrettándagleði

Þrettándagleðin var haldin 6 janúar. Hópreið var farin með Álfakóng og Drottningu í fararbroddi, ásamt Hirðmeyjum, Grýlu, Leppalúða, jólasveinum og álfum. Allt voru þetta krakkar sem eru í æskulýðsstarfi félagsins sem tóku þessi hlutverk að sér og komu með hugmyndir um klæðnað og fleira sem þau gætu gert.

Að venju var riðið í gegnum staðinn, með viðkomu við sjúkrahúsið til að syngja fyrir fólkið þar ásamt örlitlu stoppi hjá dvalarheimili aldraðra og þaðan upp að félagssvæði okkar í Kirkjuhvammi. Á eftir fylgdi fjöldi fólks gangandi með kyndla í blíðskaparveðri en kallt var og lét fólk það ekki á sig fá né heldur Grýla, Leppalúði og fylgdarlið sem skemmtu fólkinu alla leið. Þegar á félagssvæði var komið var farið í höllina þar sem mætti okkur vöfllu og kakó ilmur, skelltum okkur í leiki, og öllum leyft að fara á hestbak, meira að segja jólasveinunum og sungin nokkur lög.





Þessi eftirmiðsdagur heppnaðist mjög vel og krakkarnir stóðu sig eins og hetjur sem kom okkur ekki á óvart. Mikill fjöldi kom og var með okkur og nutu félagskaparins saman sem og nýju hallarinnar en byrjað var að gera stúkur og salerni ☺.

Fundir

9.janúar var svo haldin fundur um vetrarstarfið. Mjög góð mæting var á fundinn og var félagshúsið stappað, lofaði fundurinn góðu fyrir komandi vetur. Upp komu margar tillögur að alls konar verkefnum, skemmtunum fjáröflunarleiðum og fleira. Eftir fundinn var svo unnið úr því sem fram kom og gerð dagskrá fyrir vetrarstarfið, sem sett var beint inn á heimasíðu félagsins <http://www.123.is/thytur>. En á hann er síðan bætt eða tekið úr, eftir hvað við á

Í janúar hittust æskulýðsfulltrúar frá Norðurlandi Vestra til að ákveða daga fyrir Grunnskólamótin, breyting varð á mótinu og ákveðið að prufa að hafa eina keppnisgrein á hverjum stað í stað þess að hafa allar greinarnar á öllum þrem stöðunum. Tókust þessi mót mjög vel og verður áframhald á því og eflaust bætt við einhverju. Þessi mót gefa öllum möguleika á að keppa þó þau séu ekki í hestamannafélagi því þetta eru Grunnskólarnir að keppa þó Hestamannafélaginn sjái um þau. Fjöllum við nánar um þessi mót undir liðnum **mót**.

Haldnir voru líka fundir fyrir undirbúning á sýningu sem við höldum hér heima og um að fara á Æskuna og hestinn á Sauðárkróki. Einnig var okkur boðið að koma suður með eitt atriði á Æskuna og hestinn þar. Fjöllum við nánar um það undir liðnum **sýningar**. Foreldrar mættu mjög vel á fundi með börnum sínum og hafa stutt þau mjög vel í þessu starfi.

Reiðþjálfun og leikfimi á hestum (voltigieren)

Sem fyrr var mikill áhugi á Reiðþjálfun, Knapamerki og Leikfimi á hestum eða Voltigieren Þórir Ísólfsen var fenginn til að sjá um þetta sem fyrr og voru þetta um 40 börn og unglingar sem hann var með á aldrinum 6 -16 ára og fengu þau 45 mín á viku og voru þau hjá honum í 10 vikur. Þó þetta sé annar veturinn sem við höfum höllina þá er þetta mikil breyting fyrir okkur að geta sinnt reiðþjálfun svo vel og hefur hún skilað sér vel til barna og unglingana í keppnum, sýningum og annari reiðmennsku.



Byrjað var að kenna knapamerki 1 þann 19. janúar, 9 unglingar voru í því, byrjað var að kenna bóklegahlutann fyrst þar sem vinna við stúkubyggingu var í höllinni og ekki hægt að nota gólfið fyrr en í febrúar. Til að geta gefið sveitakrökkunum sama möguleika og hinum á knapamerkinu þá voru bóklegu og verklegu tímarnir hafðir tvöfaldir náðist þá að taka próf í apríl svo foreldrarnir þurftu ekki að keyra neitt með þau í maí mánuði, en fyrir suma er um

mjög langa leið að fara eða um 40 km og eiga þeir foreldrar hrós skilið að styðja svona vel við barnið sitt.

Einnig voru við með tíma fyrir börn á aldrinum 2- 6 ára (leikskólahóp) sem var annan hver laugardagsmorgun alls 4 skipti og sá æskulýðsnefnd um þá tíma, þar sem foreldrar komu með hest og teymdu undir sínu barni farið í hinar ýmsar þrautir teymt var með þau kringum keilur, æft jafnvægið þau látin teyma hestinn ofl.



Nýjung var hjá okkur í vetur með leikfimi á hestum eða Voltigieren eins og það heitir á Þýsku gerði stormandi lukku og komust færri að en vildu. Þær Irina kamp og Kathrin Schmitt sáu um þetta. En í Þýskalandi er keppt í þessu og erum við svo heppin að hafa þær, því þær þekkja þetta og hefur Kathrin keppt í þessu.

Voru þær með um 20 börn á aldrinum 5.-15.ára. Þau æfðu bæði í Íþróttahúsinu og Reiðhöllinni en í Íþróttahúsinu var jafnvægið æft á áhöldum sem notað er í fimleikum og önnur áhöld sem og tunnu hesti, þangað gátu öll börnin komið í einu og var skipt niður á áhöld. Upp í reiðhöll var æft á hesti, en þar sem þær hafa bara einn hest í þetta en þá þá var ekki þorandi að hafa fleiri börn en 10 í viku á honum, og vikuna þar á eftir komu þá hin. Leikfimin vakti mikla lukku jafnt hjá börnum/unglingum sem og fullorðnum enda stórfenglegt að sjá og jafnvægið hjá krökkunum er ótrúlegt og gaman að sjá hvað Íslenski hesturinn er til margra nota nýtsamlegur.



Myndir eru inná myndasíðu Þyts <http://thytur.123.is/album/default.aspx?aid=175680> og hvetjum við ykkur til að skoða þær. Þetta er allveg frábært að sjá, og greinilegt að þetta er komið til að vera.

Leikjadagur

22.Apríl héldum við leikjadag, og mættu börn og unglingar þá í höllina án hesta og var farið í allskonar leiki og foreldrum ekki veitt nein miskunn og látin vera með okkur í boðhlaupum, reipitogi og fl, leikjum endað var svo á að borða pizzur

Grunnskólamótin

Sniðið á Grunnskólamótunum var örlítið breytt þetta árið, ákveðið var að hafa eina grein á hverjum stað, en fast yrði þó á öllum mótum Fegurðarreid fyrir 1.-3.bekk og Skeið fyrir 8.-10.bekk. Með þessu móti vorum við þá að vona að tímalengd mótsins á hverjum stað myndi stytast, var ákveðið að á Blönduósi yrði keppt í Smala, á Hvammstanga yrði Þríangur og

Fjörgangur, á Sauðárkróki yrði keppt í tölti. Þannig að þegar mótið var hjá okkur var keppt í 1.-3.bekkur Fegurðarreið.

4.-7.bekkur Þrígang

8.-10.bekkur Fjörgang og Skeið.

Fyrir tölt, fjörgang, þrígang og fegurðarreið gilda reglur frá Lh. um íþróttakeppni.

Fyrir skeið gildir besti tími, og fyrir smalaþraut gildir besti tími og refsistig.

Sem fyrr vakti mótið mikla lukku og var vel sótt af börnum, foreldrum og öðrum áhorfendum, fyrsta mótið var haldið á Blönduósi, annað mótið á Hvammstanga og síðasta mótið á Sauðárkróki. Grunnskólarnir sem tóku þátt voru: Grunnskóli Húnaþings Vestra, Húnavallaskóli, Grunnskólinn á Blönduósi, Grunnskóli Siglufjarðar, Grunnskóli Austan Vatna, Varmahlíðarskóli, og Árskóli.

Börnin voru mjög ánægð að taka þátt í þessu. Er þetta mót meðal annars hugsað til að leyfa krökkunum að kynnst innan félaganna og skólanna og hafa gaman af og sýnist okkur að þetta mót sé komið til að vera.

Á síðasta mótinu var grillað og veittur veglegur bikar sem Varmahlíðarskóli hlaut aftur að þessu sinni.

Einnig tóku börnin og unglingarnir þátt í innanhúsmótum félagsins í vetur og voru þau fimm. En í sumar voru félagsmótin tvö. Firmakeppni var haldin 25 Júlí og Íþróttamót 21.-22.ágúst en leiðinda veður setti svip sinn á seinni daginn, er þá var svo mikil rigning og rok að mótshaldarar ákváðu að klára mótið inni í reiðhöll og mikið var nú gott að eiga hana.

Einnig áttum við þátttakendur á Unglingalandsmóti UMFÍ í Borganesi sem og þátttakendur á Íslandsmóti barna-unglinga og ungmenna sem haldið var á félagssvæði Þyts í Helguhvammi á Hvammstanga dagana 12.-15.ágúst. Stóðu þau sig öll með sóma. Hestapestinn hefur sett svip sitt á starfseminni seinni part vetrar og

í sumar, en hún er nú vonandi á undanhaldi

Sýningar

27. febrúar var reiðhöllin okkar vígð með stór glæsilegri sýningu og hlaut nafnið Þytsheimar, og vorum við þar með nokkur atriði og tókst vel til. Að beiðni sýngarnefndar vorum við beðin um að koma með atriði síðan í fyrra sem kallaðist Gamli tíminn

og vorum við ákaflega stolt af því, bættum við krökkum þar í svo það var líf og fjör á gólfinu. En þarna eru bæði börn, unglingar og foreldrar saman á gólfinu.

13.-14. mars var okkur boðið að koma suður á Æskan og hesturinn með eitt atriði, úr vöndu var að ráða, en suður var arkað með eitt atriði sem saman stóð af 10 hressum stelpum, vel tókst til og var þetta mikil og góð æfing fyrir þær, enda búnar



að vera duglegar að æfa atriðið og var okkur hrósað fyrir vel æft atriði, og urðu stelpurnar sem og við öll mjög ánægð að heyra það.

29. apríl héldum við sýninguna okkar í Þytsheimum, atriðin voru sjö að þessu sinni og krakkarnir urðu sum hver að vera ansi rösk að skipta um búninga. Boðið var upp á munsturreið, fótbolta og leikfimi að ógleymdum yngstu reiðmönnum okkar, vel tókst til og allir ánægðir.

Ekkert varð úr sýningu Æskunnar og hestsins á Sauðárkróki þetta árið þar sem félögin fóru að afboða sig hvert á fætur öðru þegar sýningardagur nálgast. Brugðum við því á það ráð að fara saman í smá útreiðartúr með nesti og komu þau með sem höfðu hrausta hesta.

Sumartími.

Sumartíminn einkennist hjá mörgum af keppnum, hestaferðum og útreiðum almennt, en lá mikið til niðri sökum hestapestarinnar, en héldum þó Íslandsmót barna, unglunga og ungmenna dagana 12. – 15. ágúst og stóðu krakkarnir okkar sig mjög vel, en fyrir stórmót er yfirleitt boðið uppá aðstoð við að æfa sig á prógramminu sem ríða á, því teljum við það mjög áriðandi að börnin kunni að ríða sjálf sín prógrömm sem henti þeirra hesti sem og að ríða eftir þul, bæði teljum við að sé mikilvæg.

Við í æskulýðsnefnd Þyts erum mjög ánægð með árið hjá okkur. Foreldrar hafa verið sem áður mjög duglegir að fylgja börnum sínum eftir og aðstoða okkur því annars gengi þetta ekki upp. Margir eiga um langan veg að fara en ekkert hefur stöðvað okkur og samstaðan hefur verið til fyrirmyndar og hlökkum við til næsta árs. Reiðhöllin hefur heldur betur sannað sig í þessu starfi, auðveldara er að skipuleggja allt starf betur og hafa markvissa reiðþjálfun. Æskulýðsstarfið gerir svo margt fyrir okkur og ekkert er eins gaman eins og að gleðja börnin, þau kunna að meta það sem gert er fyrir þau.

Aðalmarkmið okkar er að hafa gaman saman.

Vonandi verður hestapestin ekki að kvelja okkur í vetur og hlakkar okkur til að takast á við komandi vetur.

**Kær kveðja
Æskulýðsnefnd Þyts**